

JÚNÍ 2020



DJÚPAVOGSSKÓLI

SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

SIGNÝ ÓSKARSDÓTTIR
FYRIR HÖND SJÁLFSMATSHÓPS DJÚPAVOGSSKÓLA

Efnisyfirlit

1.0 Inngangur	5
2.0 Forsendur innra mats	5
2.1 Lagalegur grunnur	5
2.2 Markmið.....	5
2.3 Framkvæmd	6
2.4 Áætlun innra mats Djúpavogsskóla.....	6
3.0 Niðurstöður nemendakönnunar	7
3.1 Virkni nemenda í 6. – 10. bekk	7
3.1.1 Ánægja af lestri.....	7
3.1.2 Þrautseigja í námi	8
3.1.3 Áhugi á stærðfræði	9
3.1.4 Ánægja af náttúrufræði	10
3.1.5 Trú á eigin vinnubrögðum.....	11
3.1.6 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda	13
3.2 Líðan og heilsa nemenda í 6. – 10. bekk	13
3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan nemenda.....	14
3.4 Skóla- og bekkjarandi	14
3.4.1 Samband nemenda við kennara	14
3.4.2 Agi í tímum	16
3.4.3 Þátttaka nemenda í tímum.....	17
3.4.4 Umbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda.....	18
3.5 Samantekt úr opnum svörum nemenda	19
3.5.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda	19
4.0 Niðurstöður foreldrakönnunar	20
4.1 Nám og kennsla	20
4.1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	20
4.1.2 Ánægja foreldra með stjórnun skólans	22
4.1.3 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	22
4.1.4 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	22
4.1.5 Umbótaáætlun í tengslum við nám og kennslu	23
4.2 Velferð nemenda	23
4.2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur.....	23
4.2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mtir þörfum nemenda	24

4.2.3 Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra.....	25
4.2.4 Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra.....	25
4.2.5 Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra	25
4.2.6 Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	26
4.2.7 Umbótaáætlun í tengslum við velferð nemenda út frá viðhorfum foreldra	27
4.3 Aðstaða og þjónusta	27
4.3.1 Aðstaða og þjónusta.....	27
4.3.2 Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	30
4.3.3 Umbótaáætlun í tengslum við aðstöðu og þjónustu.....	33
4.4 Foreldrasamstarf.....	33
4.4.1 Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	33
4.4.2 Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	35
4.4.3 Leitað eftir tillögum foreldra og ábendingar þeirra teknar til greina.....	35
4.4.4 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	36
4.4.5 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	37
4.4.6 Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal	37
4.4.7 Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	37
4.4.8 Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	37
4.4.9 Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá.....	37
4.4.10 Umbótaáætlun í tengslum við foreldrasamstarf – samstarf heimila og skóla	38
4.5 Heimastuðningur	38
4.5.1 Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	40
4.5.2 Hæfileg heimavinna að mati foreldra	41
4.5.3 Tíminn sem foreldrar aðstoða við heimanám.....	42
4.5.4 Væntingar foreldra um háskólanáms	42
4.5.5 Væntingar foreldra um iðnnám	42
4.5.6 Umbótaáætlun í tengslum við heimastuðning.....	43
4.5.7 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati foreldra.....	46
5.0 Niðurstöður starfsmannakönnunar	47
5.1 Starfið	47
5.1.1 Vinnuálag	47
5.1.2 Skýrleiki hlutverks.....	48
5.1.3 Ágreiningur um hlutverk.....	48
5.1.4 Jákvæðar áskoranir í starfi	49

5.1.5 Umbótaáætlun í tengslum við störf starfsmanna	49
5.2 Starfsmenn	49
5.2.1 Leikni í starfi	50
5.2.2 Skuldbinding til vinnustaðarins.....	51
5.2.3 Skörun vinnu og einkalífs	51
5.2.4 Umbótaáætlun í tengslum við starfsmenn.....	52
5.3 Vinnustaðurinn.....	52
5.3.1 Starfsandi.....	52
5.3.2 Stuðningur frá samstarfsfólki	53
5.3.3 Stuðningur við nýsköpun	53
5.3.4 Mismunur	54
5.3.5 Einelti (þú)	54
5.3.6 Einelti annar en þú.....	55
5.3.7 Einelti (séð tvo eða fleiri lagða í einelti).....	55
5.3.8 Umbótaáætlun í tengslum við vinnustaðinn.....	55
5.4 Stjórnun.....	55
5.4.1 Stuðningur frá næsta yfirmanni	56
5.4.2 Sanngjörn forysta.....	56
5.4.3 Valdeflandi forysta	57
5.4.4 Ræktun mannauðs.....	58
5.4.5 Starfsmannaviðtöl.....	58
5.4.6 Gagnsemi starfsmannaviðtals.....	59
5.4.7 Umbótaáætlun í tengslum við stjórnun	59
5.5 Kennarar – Kennarastarfið.....	59
5.5.1 Ánægja með kennarastarfið.....	60
5.5.2 Trú kennara skólans á eigin getu	61
5.5.3 Upplýsingamiðlun til foreldra	62
5.5.4 Undirbúningur kennslu í skólanum	63
5.5.5 Öllum bekknum kennt í einu.....	63
5.5.6 Hópavinna í bekk.....	63
5.5.7 Einstaklingsvinna í bekk	64
5.5.8 Einstaklingsmiðuð kennsla.....	64
5.5.9 Áhersla kennara á námsmat með prófum.....	65
5.5.10 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	65

5.5.11 Umbótaáætlun í tengslum við kennarastarfið.....	67
5.6 Kennarar – Starfsumhverfi kennara	67
5.6.1 Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika.....	68
5.6.2 Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda	68
5.6.3 Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	69
5.6.4 Samráð um kennslu.....	70
5.6.5 Samvinna um kennslu	71
5.6.6 Umbótaáætlun í tengslum við starfsumhverfi kennara	72
5.7 Kennarar - Símenntun kennara.....	72
5.7.1 Umbótaáætlun í tengslum við símenntun kennara	72
5.8 Opnar spurningar.....	73
5.8.1 Umbótaáætlun út frá því sem betur má fara samkvæmt starfsfólki.....	73
6.0 Umbótamiðað starf á skólaárinu 2019-2020.....	74
6.1 Greinanámsskrá.....	74
6.2 Notkun á Mentor	74
6.3 Innleiðing 365	74
6.4 Uppeldi til ábyrgðar.....	74
6.5 Teymiskennsla.....	75
6.6 Stefnumótun	75
6.7 Endurskoðun áætlana.....	75
7.0 Samantekt umbótaáætlana úr Skólapúlssi 2020	76

1.0 Inngangur

Djúpavogsskóli skiptist í grunn- og tónskóla. Grunnskólinn er einsetinn heildstæður skóli með 79 nemendur í upphafi skólaárs 2019 en að vori 2020 voru nemendur 85. Nemendur komu bæði úr dreif- og þéttbýli Djúpavogshrepps. Ekki var hægt að starfrækja tónskólann með hefðbundnum hætti þetta skólaárið þar sem ekki fékkst tónlistarkennari til starfa. Nemendum var boðið upp á tvær tólnistarsmiðjur, önnur með áherslu á söng og hin með áherslu á trommur og raftónlist. Vegna Covid-19 var ekki hægt að bjóða upp á þriðju smiðjuna sem fyrirhuguð var en þar hefði áhersla verið á tónsmíðar.

Í þessari skýrslu verður greint frá niðurstöðum í Skólapúlseinum 2019-2020 og þeim þróunar og umbótaverkefnum sem eru í gangi.

2.0 Forsendur innra mats

2.1 Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 98/2008 er í kafla VII, 36. gr. kveðið á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virki þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þetta er gert með innra mati á hverju ári.

2.2 Markmið

Markmið með mati á skólastarfi samkvæmt 35. gr. laga um grunnskóla er að:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árgangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d) tryggja að réttindindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

2.3 Framkvæmd

Innra mat skólans byggir aðallega á niðurstöðum úr könnunum Skólapúlsins. Lagðar eru kannanir fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra einu sinni á ári. Í kjölfarið er gerð úrbótaáætlun sem unnið er markvisst eftir.

2.4 Áætlun innra mats Djúpavogsskóla

Áætlun um innra mat og umbætur er gerð til þriggja ára í senn. Hér má sjá áætlun um gagnaöflun innra mats til 2023. Umbótaáætlun í heild sinni má sjá í starfsáætlun skólans og yfirlit í síðasta kafla þessarar skýrslu.

Innra mat	2018- 2019	2019- 2020	2020- 2021	2021- 2022	2022- 2023
Verkþættir					
Unnið eftir niðurstöðum sjálfsmats fyrri ára	X	X	X	X	X
Skólapúls lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk	X	X	X	X	X
Skólapúls lagður fyrir starfsmenn og foreldra	X	X	X	X	X

Skýrsla sú sem hér birtist var unnin í júní 2020. Í henni er gert grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór skólaárið 2019-2020. Eins og fyrri skýrslur má finna þessa á heimasíðu grunnskólans, auk þess sem hún var send til og kynnt *fræðslunefnd Djúpavogshrepps*.

3.0 Niðurstöður nemendakönnunar



Nemendur svöruðu spurningalistanum strax í kjölfar tímabils þar sem skólahald var takmarkað vegna COVID 19. Það getur mögulega haft áhrif á upplifun nemenda af náminu og námsumhverfinu. En það sama er hægt að segja um nemendur samanburðarskólanna en ekki víst að þeir skólar hafi lagt könnunina fyrir á sama tíma og Djúpavogsskóli. 31 nemandi svaraði spurningalistanum og er það 86,1% nemenda í 6. – 10. bekk.

3.1 Virkni nemenda í 6. – 10. bekk


Niðurstöðurnar í þessum þætti þarf að taka alvarlega. Hér eru sterkar vísbendingar um að viðhorf nemenda í 6. - 10. bekk Djúpavogsskóla séu neikvæðari í garð náms og að þeir hafi minni trú á eigin getu í námi og vinnubrögðum en nemendur í sambærilegum skólum og eru undir landsmeðaltali í öllum þáttum nema í ánægju af náttúrufræði. Þessum þáttum hefur öllum hrakað á milli ára. Það er stórt áhyggjuefni að ánægja af lestri hefur dalað og er komin niður fyrir landsmeðaltal. Búndin er von við að teymiskennsla og aukinn stuðningur við nemendur með annað móðurmál geti haft jákvæð áhrif þegar horft er til framtíðar.

Til þess að skýra aðeins betur hvaða viðhorf nemendur hafa til lesturs má skoða myndirnar hér neðar.


3.1.1 Ánægja af lestri




1.1.3 Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.



1.1.4 Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf.




1.1.5 Lestur er tímasóun fyrir mig.*




3.1.2 Þrautseigja í námi

Það er einnig fróðlegt að sjá hvernig nemendur svöruðu spurningum sem mynda grunn fyrir þrautseigju í námi.


1.2.1 Þegar ég læri, legg ég eins hart að mér og mögulegt er.




1.2.2 Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.



1.2.3 Þegar ég læri, reyni ég að gera mitt besta til að ná tökum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna.*




1.2.4 Þegar ég læri legg ég mig alla(n) fram.




3.1.3 Áhugi á stærðfræði

Þegar nemendur eru spurðir um áhuga á stærðfræði gefa þau neðangreind svör.


1.3.1 Ég hef gaman af því að lesa bækur og texta sem fjallar um tölur og útreikninga.




1.3.2 Ég hlakka til stærðfræðitíma.



1.3.3 Ég sinni stærðfræðináminu vegna þess að mér finnst gaman í stærðfræði.




1.3.4 Ég hef áhuga á því sem ég læri í stærðfræði.*




3.1.4 Ánægja af náttúrufræði

Ánægja nemenda af náttúrufræði er yfir ofan landsmeðaltal og þetta eru svörin við þeim spurningum sem mynda matsþáttinn.


1.4.1 Mér finnst yfirleitt gaman þegar ég er að læra um náttúrufræði




1.4.2 Mér finnst gaman að lesa um náttúrufræði



1.4.3 Ég er ánægð(ur) þegar ég er að leysa verkefni í náttúrufræði




1.4.4 Ég hef áhuga á að læra um náttúrufræði




3.1.5 Trú á eigin vinnubrögðum

Þegar nemendur voru spurðir um þætti sem mynda trú á eigin vinnubrögð eru niðurstöðurnar þessar. Ég get....


1.5.1 Alltaf einbeitt mér að námsefninu í kennslustundum




1.5.2 Skrifað hjá mér góða minnispunkta í kennslustundum*




1.5.3 Notað bókasafnið til að afla upplýsinga fyrir skólaverkefni



1.5.4 Skipulagt námið mitt



1.5.5 Að muna upplýsingar sem ég fæ í kennslustundum og úr námsbókum



3.1.6 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka ánægju af lestri.	Finna lestrarefni eftir áhugasviði hvers nemanda. Endurskoða lestrarstefnu skólans.	Umsjónarkennarar og teymi. Heimilin. Skólastjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls og könnun í janúar 2021 Skimanir
Að auka þrautseigju í námi.	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu.	Stoðteymi og skólastjórnendur Heimilin	2020	Aldrei	Skólapúls og könnun í janúar 2021
Að auka áhuga á stærðfræði.	Fjölbreyttari verkefni og námsmat.	Umsjónarkennarar og teymi. Heimilin	2020	Aldrei	Skólapúls og könnun í janúar 2021
Að efla trú á eigin vinnubrögð í námi.	Námsráðgjöf fyrir nemendur.	Náms- og starfsráðgjafi Teymin Heimilin	2020	Aldrei	Skólapúls og könnun í janúar 2021
Að efla trú á eigin námsgetu.	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu.	Náms- og starfsráðgjafi Teymin Heimilin	2020	Aldrei	Skólapúls og könnun í janúar 2021

3.2 Líðan og heilsa nemenda í 6. – 10. bekk

Heilt á litið er líðan og heilsa nemenda nokkuð góð. En sjálfsálit nemenda mætti vera betra en það mælist 0,4 stigum undir landsmeðaltali. Stjórn á eigin lífi hefur hækkað á milli ára og er nú aðeins yfir landsmeðaltali. Vellíðan nemenda hefur aukist á milli ára en er samt rétt undir landsmeðaltali. Það er ánægjulegt að dregið hefur úr einelti á milli ára að mati nemenda og tíðni eineltis hefur hrapað um 8,5% samkvæmt svörum nemenda og er nú 2,5% undir landsmeðaltali. Þegar spurt er um stað eineltis er enginn sem velur í frímínútum á skólalóð eða innan skólans, enginn sem velur kennslustundir, enginn sem velur til og frá skóla og enginn sem velur íþróttatíma. Þeir staðir sem eru nefndir eru; í hádegisstund, tveir nemendur, í búningsklefum einn nemandi, á netinu eða GSM einn nemandi og að lokum segir einn nemandi annars staðar og tilgreinir sparkvöllinn í frímínútum. Nemendur voru spurðir um stress, áhyggjur og kvíða og voru 11 nemendur sem sögðust hafa fundið fyrir þessum tilfinningum síðasta sólarhringinn. Þegar ástæðurnar eru teknar saman voru þessar helst nefndar; prófastress, þreyta, mikið að gera í daglegu lífi, kynning á skólaverkefni og almennur kvíði.

Tíðni hreyfingar hefur aukist meðal nemenda eða um 8,1% á milli ára og er nú 12,5% yfir meðaltali á landsvísi. Það er einnig ánægjulegt að sjá að hollusta í mataræði hefur nú náð því að fara upp fyrir landsmeðaltal og hækkar frá síðasta ári.

3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla sjálfálit/sjálfstraust nemenda.	Nýta uppbyggingarstefnuna og nota eflandi kennsluhætti.	Allir starfsmenn og stjórnendur. Heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls og könnun í janúar 2021. Skimanir.
Að draga úr kvíða og streitu nemenda.	Halda áfram að innleiða velferðarnám. Núvitund.	Skólastjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls og könnun í janúar 2021.


3.4 Skóla- og bekkjarandi

Niðurstöðurnar í þessum þætti gefa til kynna að einhverjir nemendur finna ekki samsömun við nemendahópinn. Þegar rýnt er í gögnin sést að strákar upplifa frekar en stelpur að samsama sig ekki hópnum.


3.4.1 Samband nemenda við kennara

Svör nemenda sem mynda matsþátt um samband nemenda og kennara eru á þessa leið.


3.2.1 Nemendum semur vel við flesta kennara.




3.2.2 Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel.




3.2.3 Flestir kennararnir mínir hlusta vel á það sem ég hef að segja.



3.2.4 Ef mig vantar auka aðstoð þá fæ ég hana frá kennurunum mínum.



3.2.5 Flestir kennararnir mínir eru sanngjarnir við mig.*




Meirihluti nemenda sammála því að nemendum semji vel við flesta kennara eða 57%. Meirihlutinn er líka sammála því að flestir kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel eða 77% nemenda. Meirihluti nemenda segja kennara sína hlusta vel á það sem þeir hafa að segja eða 67,7%. Það er kappmál fyrir skólann að hækka þessar prósentutölur og koma skólanum yfir landsmeðaltal í þessum þáttum.


3.4.2 Agi í tímum

Svörin við spurningum sem liggja til grundvallar þessum matsþætti eru rakin hér og spurningin var, Hversu oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér?


3.3.1 Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.




3.3.2 Nemendur geta ekki unnið vel.




3.3.4 Nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina.*




3.3.3 Nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir.



3.3.4 Nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina.*




3.3.5 Það er hávaði og óróleiki.




3.4.3 Þátttaka nemenda í tímum

Þegar nemendur voru beðnir að meta hvort þeir fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar segir meirihluti nemenda að þeir fái að útskýra hugmyndir sínar í sumum tímum eða flestum tímum.


3.4.1 Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar.



3.4.2 Í tímum fá nemendur tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri.



3.4.3 Nemendur ræða saman um námsefnið.



Til að meta tíðni leiðsagnarmats eru nemendur spurðir hversu oft kennarar láta þá vita hve vel þeim gengur í náminu og 58,1% segir það vera stundum og 38,8% segja það gerst oft, alltaf eða næstum alltaf.

Það er vilji skólans að vinna áfram í þessum þáttum til að efla skóla- og bekkjaranda.

3.4.4 Umbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka samsömun í bekkjum.	Nýta teymiskennsluna til að búa til fjölbreyttari hópa. Fræðsla um fjölbreytileika.	Allir kennarar í teyllum. Stjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að efla samband nemenda og kennara.	Nýta uppbyggingarstefnuna. Bekkjarsáttmála. Efla traust og virðingu.	Allir kennarar og nemendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að efla jákvæðan aga í tímum.	Nýta uppbyggingarstefnuna og bekkjarsáttmála. Fræðsla um jákvæða eflingu.	Allir kennarar og skólastjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að ýta undir virkni nemenda í tímum.	Verkefni við hæfi og tengd áhugasviði Námslegur stuðningur.	Allir kennarar og skólastjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að efla leiðsagnarmat.	Að kynna kennurum nemendum og foreldrum leiðsagnarmat. Setja inn vörður á skólaárið þar sem leiðsagnarmat er formlega gefið nemendum.	Skólastjórnendur og kennarar.	2020	2021	Skólapúls. Vörður til staðar.

3.5 Samantekt úr opnum svörum nemenda

Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólan voru 29 sem svöruðu spurningunni. Svörin hafa verið dregin saman og þá má sjá að nemendum finnst gott hvað skólinn er lítill og nefna að það sé lítið um sýnilegt einelti. Þeir nefna líka að verkleg kennsla í náttúrufræði og nám úti sé skemmtilegt. Einnig er minnst á það að hægt sé að tala við kennara og starfsfólk ef einhverjum líður illa, hægt að velja sér þann sem gott er að tala við. Virðing, hjálpsemi, sumir kennarar, félagslífið, vinirnir og frímínútur.

Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim þykir slæmt eða megi betur fara voru 26 sem svöruðu spurningunni. Þegar svörin eru dregin saman kemur í ljós að einhverjum nemendum finnst þeir ekki hafa nógu mikið að segja varðandi skipulag og að hlusta þurfi betur á nemendur. Maturinn mætti stundum vera betri og klósettin líka. Einnig er kallað eftir lengri frímínútum og meiri hvíldartíma. Ein hugmyndin var að ekki þurfi að koma með nesti í skólann heldur ættu nemendur að fá nesti í skólanum. Fram kom hugmynd um að hafa skólabúninga. Kallað er eftir því að fá meiri hjálp í tímum og fjölga kennurum. Einnig er rætt um að skipuleggja þurfi námið betur, fjölga verklegum tímum og vera meira úti. Þörf á stærri stofum og meira plássi fyrir nemendur. Að lokum má nefna að nemendur vilja hafa áhrif á það sem er í matinn.

3.5.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að virkja betur nemendafélagið.	Að búa til fundarplan og dagskrá með nemendafélaginu.	Skólastjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að halda reglulega formlega málfundum um skólamál með nemendum.	Skipuleggja nemendafund tvisvar á ári.	Skólastjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.

4.0 Niðurstöður foreldrakönnunar


Foreldrakönnunin var lögð fyrir í febrúar 2020 og var heildarfjöldi í úrtakinu 73 foreldrar barna í 1. – 10. bekk. Það voru 67 foreldrar sem svöruðu könnuninni eða 91,8% þar af voru 56,9% karlar og 46,2% konur.

4.1 Nám og kennsla


Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum hefur aukist lítillega á milli ára en er aðeins fyrir neðan landsmeðaltal. Ánægja foreldra með stjórnun skólans hefur aukist töluvert og mælist nú 4,6% yfir landsmeðaltali. 88,6% foreldra telja að verkefnin sem barnið þeirra fær í skólanum séu hæfileg, 11,4% telja þau of létt. 41,7% foreldra telja agann í skólanum vera of lítinn en 55,6% telja hann hæfilegan. Þetta er vísbending um að efla þurfi jákvæðan aga í skólanum og er það í takt við það sem nemendur segja og hefur verið sett í umbótaáætlun. Hér eru settar fram myndir til glöggvunar á þáttum sem liggja að baki matsins en enginn lýsandi texti með. Myndirnar eru látnar skýra sig sjálfar.

4.1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum


1.1.1 Flestir kennararnir virðast hæfir og metnaðarfullir




1.1.2 Ég er almennt ánægð(ur) með kennsluaðferðirnar sem notaðar eru í skólanum




1.1.3 Ég er ánægð(ur) með hvernig tekið er á agavandamálum í skólanum




1.1.4 Skólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda



1.1.5 Skólinn stendur sig vel í að mennta nemendur




1.1.6 Námslegum þörfum nemenda er mætt




4.1.2 Ánægja foreldra með stjórnun skólans

1.2.1 Telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað?




4.1.3 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra

1.3.1 Telur þú að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu of þung, hæfileg eða of létt?



4.1.4 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra

1.4.1 Mér finnst agi í skólanum vera...*



4.1.5 Umbótaáætlun í tengslum við nám og kennslu

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla ánægju foreldra með nám og kennslu.	Upplýsa foreldra betur um nám og kennslu barna þeirra. Hafa foreldra með í ráðum.	Skólastjórnendur. Teymi. Stoðþjónusta.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að efla jákvæðan aga í skólanum.	Nýta betur uppeldi til ábyrðar. Námskeið fyrir starfsfólk. Námskeið fyrir foreldra.	Skólastjórnendur. Allt starfsfólk. Foreldrar. Nemendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.


4.2 Velferð nemenda

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur stendur í stað á milli ára og er örlítið undir landsmeðaltali. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda hefur aukist um 2,5% á milli ára en er samt aðeins undir landsmeðaltali. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra hefur aðeins lækkað á milli ára en er samt sem áður aðeins yfir landsmeðaltali.


Þegar spurt er um líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra hefur gildið hækkað á milli ára og er yfir landsmeðaltali. Þegar spurt er um líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra hefur gildið hækkað töluvert á milli ára og fer 1,4% yfir landsmeðaltal. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra hefur minnkað um 12.9% á milli ára og er nú undir landsmeðaltali sem er mjög gott.

4.2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur


Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt?



2.1.2 Annarra kennara




2.1.3 Annars starfsfólks skólans



4.2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mtir þörfum nemenda


2.2.1 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins?



4.2.3 Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt...


2.3.1 ... í skólanum



4.2.4 Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra


Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt...

2.4.1 ... í kennslustundum




4.2.5 Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra

2.5.1 ... í frímínútum/útiveru



4.2.6 Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra



Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum hefur aukist umtalsvert á milli ára eða um 20% en gildið er ennþá töluvert undir landsmeðaltali eða -9,5%. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum hefur aukist umtalsvert á milli ára eða 17,5% ennþá er skólinn þó langt undir meðaltali á landsvísu eða -17,7%

Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans hefur aukist um 6,3% á milli ára en er enn undir landsmeðaltali eða -4%. Hér má því gera betur en engu að síður gott hve ánægjan hefur aukist mikið á milli ára.

Þegar foreldrar eru spurðir um hve lengi einelti hafi staðið yfir eru fjórir sem segja í 1 ár og þrír sem segja skemur en eitt ár.

Þegar foreldrar eru spurðir um hvar einelti átti sér stað eru sjö sem segja í frímínútum á skólalóð, þrír sem segja í frímínútum innan dýra, þrír sem segja í kennslustundum, þrír sem segja í hádegisstund, einn á leiðinni til og frá skóla, þrír í íþróttatímum, fjórir í búningasklefum, enginn á netinu eða GSM og einn nefnir í lengdri viðveru. Hér ber að hafa í huga að átta foreldrar svöruðu spurningunni og hægt er að velja fleiri en einn valmöguleika.

Á heildina litið eru foreldrar ánægðir með velferð nemenda í skólanum en halda þarf áfram að vinna vel í því að sporna við einelti í skólanum.

4.2.7 Umbótaáætlun í tengslum við velferð nemenda út frá viðhorfum foreldra

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að útrýma einelti í skólanum.	Að nýta betur áætlun gegn einelti og efla fræðslu.	Skólastjórnendur. Allir starfsmenn. Nemendur. Foreldrar.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að fræða nemendur, starfsfólk og foreldra um hvernig má sporna við einelti.	Skipuleggja fræðslu í takt við áætlun gegn einelti og efla samtal heimila og skóla.	Skólastjórnendur. Allir starfsmenn. Foreldrar.	2020	Aldrei	Skólapúls.


4.3 Aðstaða og þjónusta

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum hefur minnkað á milli ára og er nú töluvert undir landsmeðaltali. Hér eru settar fram myndir til glöggvunar á þáttum sem ligga að baki matsins en enginn lýsandi texti með. Myndirnar eru láttnar skýra sig sjálfar.


4.3.1 Aðstaða og þjónusta

Spurt var hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti?


3.1.1 Aðstöðu fyrir nemendur í frímínútum/útiveru*




3.1.2 Möguleika á tómstundaiðkun að loknum skóladegi*




3.1.4 Aðbúnað í almennum kennslustofum




3.1.3 Aðgang nemenda að tölvum í skólanum




3.1.5 Aðstöðu fyrir list- og verkgreinar*



3.1.6 Aðstöðu til að matast*




3.1.7 Aðstöðu til íþróttakennslu




4.3.2 Ánægja foreldra með tómstundapjónustu

Ánægja foreldra með tómstundapjónustu hefur farið aðeins niður á milli ára og er undir landsmeðaltali.


Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þá þjónustu sem skólinn eða sveitarfélagið veitir barninu þínu utan hefðbundins kennslutíma (t.d. tómstundapjónustuna, frístundaheimili, dægradvöl) varðandi eftirfarandi þætti?




Þegar foreldrar eru spurðir um líðan barnsins í tómstundum eru 54,4% frekar ánægðir, 19,4% mjög ánægðir og sama hlutfall er frekar óánægð. Aðeins einn er mjög óánægður.




Þegar spurt er um eftirlit með starfinu eru 50% frekar ánægðir og 23,3% mjög ánægðir, 20% eru frekar óánægðir og 6,7% mjög óánægðir.




Þegar spurt er um samskipti barnsins við starfsfólkið eru 60% frekar ánægðir, 26,7% mjög ánægðir og 13,3% frekar óánægðir. Enginn er mjög óánægður.



Varðandi dagleg viðfangsefni barnanna þá eru 13,3% foreldra mjög ánægðir, 73,3% frekar ánægðir og 13,3% frekar óánægðir.




Það hallar aðeins undan fæti þegar spurt er um ánægju með húsnæði og aðstöðu en þar eru 12,5% foreldra mjög ánægðir, 53,1% frekar ánægðir 31,2% frekar óánægðir og einn er mjög óánægður.



Foreldrar eru flestir frekar ánægðir með verð þjónustunnar eða 74,2% og 12,9% eru mjög ánægðir, 9,7% eru frekar óánægðir og einn er mjög óánægður eða 3,2%.

Þegar foreldrar voru spurðir hvort að barnið hafi sótt tómstundaþjónustu (t.d. félagsmiðstöð, frístundaheimili eða dægradvöl á vegum skólans eða sveitarfélagsins að loknum skóladegi voru 91,4% sem sögðu já og 8,6% sögðu nei. Þessi þátttaka í tómstundaþjónustu er langt yfir landsmeðaltali en fer samt aðeins niður á við á milli ára.



Ánægja foreldra með máltíðir í mótuneyti fer aðeins niður á milli ára og er undir landsmeðaltali. 25,7% foreldra eru mjög ánægðir með máltíðirnar, 45,7% eru frekar ánægðir, 7,1% eru frekar óánægðir og 11,4% eru mjög óánægðir.

Notkun á mótuneyti er 8,7% yfir landsmeðaltali og hefur aukist á milli ára um 7,1%. Allir nemendur skólans eru í mótuneyti.

4.3.3 Umbótaáætlun í tengslum við aðstöðu og þjónustu

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að gera aðstöðuna í skólanum betri.	Nýta vel nýju viðbygginguna. Halda áfram að viðhalda húsnæðinu. Gera framtíðarplön um stækkun skólans.	Skólastjórnendur. Allir starfsmenn. Umsjónarmaður fasteigna. Sveitarfélagið.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Auka ánægju foreldra með tómstundaþjónstu.	Fá hugmyndir foreldra um hvernig mætti efla tómstundastarf í sveitarfélaginu. Búa til betra skipulag í kringum starf í viðveru. Gera skipulag í lengdri viðveru sýnilegra foreldrum.	Skólastjórnendur. Umsjónarmaður viðveru. Sveitarfélagið	2020	Aldrei	Skólapúls.
Auka ánægju foreldra með máltíðir í mótuneyti	Fá hugmyndir foreldra og nemenda um hvað ætti að vera á matseðlinum. Setja saman matseðil í anda heilsueflandi grunnskóla.	Skólastjórnendur og Hótel Framtíð.	2020	Aldrei	Skólapúls og könnun í janúar 2021


4.4 Foreldrasamstarf

Þegar foreldrar eru spurðir um frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi þá mælist það yfir landsmeðaltali en hefur aðeins dregist saman á milli ára.


4.4.1 Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi

Hve oft hefur eftirfarandi gerst á þessu skólaári?


Einhver af kennurum barnsins míns...



Þegar spurt var um hve oft einhver af kennurum barnsins hafði samband með orðsendingu, símtali eða tölvupósti voru 26,5% sem sögðu að minnsta kosti vikulega, 26,5% sögðu að minnsta kosti mánaðarlega, 32,4% sögðu nokkrum sinnum yfir árið og 14,7% sögðu aldrei eða næstum aldrei.




Þegar spurt var um hvort einhver af kennurum barnsins bæði foreldrið að fylgjast með heimanámi barnsins þ.m.t. heimalestri, voru 18,2% sem sögðu að minnsta kosti vikulega, 15,2% sögðu að minnsta kosti mánaðarlega, 27,3% sögðu það vera nokkrum sinnum yfir árið og 39,4% sögðu aldrei eða næstum aldrei.



Aðspurðir hvort að einhver af kennurum barnsins bæði foreldrið að ræða við það um skóladaginn voru það 6,1% sem sögðu að minnsta kosti vikulega, 9,1% segja að minnsta kosti mánaðarlega, 30,3% segja nokkrum sinnum yfir árið og 54,5% segja aldrei eða næstum aldrei.

4.1.4 ... það mig að mæta á viðburð í skólanum*




Þegar spurt er hvort einhver kennara barnsins hafi beðið foreldrið um að mæta á viðburð í skólanum voru það 21,2% sem sögðu að minnsta kosti mánaðarlega, 45,5% sögðu nokkrum sinnum yfir árið og 33,3% sögðu aldrei eða næstum aldrei.

4.4.2 Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur

Þegar foreldrar eru spurðir um áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur þá er niðustaðan töluvert yfir landsmeðaltali eða 5,7% en hefur samt aðeins dregist saman á milli ára.

4.2.1 Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?




Þegar foreldrar eru spurðir að því hvort þeir telji að þeir hafi almennt mikil eða lítil áhrif á þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barn þeirra þá eru 9,7% sem segja mjög mikil, 58,1% sem segja frekar mikil, 32,3% sem segja frekar lítil og enginn sagði mjög lítil.

4.4.3 Leitað eftir tillögum foreldra og ábendingar þeirra teknar til greina


Þegar spurt er um hvort að leitað sé eftir tillögum og hugmyndum frá foreldrum og ábendingar þeirra teknar til greina hefur orðið jákvæð breyting um 8,6% á milli ára og mælist nú yfir landsmeðaltali eða 5,7%.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum:

4.3.1 Skólinn/kennarinn leitar eftir mínum tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barnið mitt



4.3.2 Ábendingar mínar eru teknar til greina



Foreldrar voru spurðir um hversu sammála eða ósammála þeir væru því að skólinn eða kennarinn leiti eftir þeirra tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barn þeirra og voru 15,2% mjög sammála, 51,5% frekar sammála, 33,3% frekar ósammála en enginn mjög ósammála. 23,3% foreldra eru sammála því að ábendingar þeirra séu teknar til greina, 66,7% eru frekar sammála því og 10% frekar ósammála.

4.4.4 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á

Foreldrar fengu tækifæri til að segja hvaða þætti þeir hafa áhrif á í skólastarfinu og mátti velja fleiri en einn þátt. 25 svöruðu spurningunni.

Þáttur	Fjöldi foreldra		Landsmeðaltal
Áherslur í námsgreinum	7,1%	N=3	8,9%
Námshraði	14,3%	N=6	17,6%
Val á námsefni	2,4%	N=1	8,3%
Kennslufyrirkomulag	9,5%	N=4	6,5%
Agamál	21,4%	N=9	20,9%
Stjórnun og stefnumótun	9,5%	N=4	3,5%
Félagslíf og tómstundastarf	21,4%	N=9	21,1%
Foreldrasamskipti	31%	N=13	39,8%
Annað	4,8%	N=2	5,2%

4.4.5 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á

Foreldrar fengu tækifæri til að velja á hvaða þætti þeir vilja hafa meiri áhrif á í skólastarfinu og mátti velja fleiri en einn þátt. 21 foreldri svaraði spurningunni.

Þáttur	Fjöldi foreldra	Landsmeðaltal
Áherslur í námsgreinum	21,4% N=9	19,2%
Námshraði	14,3% N=6	18%
Val á námsefni	16,7% N=7	15,8%
Kennslufyrirkomulag	16,7% N=7	13,2%
Agamál	23,8% N=10	15,9%
Stjórnun og stefnumótun	14,3% N=10	7,2%
Félagslíf og tómstundastarf	11,9% N=5	12,5%
Foreldrasamskipti	16,7% N=7	12,6%
Annað	0%	4,5%

4.4.6 Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal

Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal hefur aukist um 3,1% á milli ára og er nú 5% yfir landsmeðaltali þar sem 47,1% eru mjög ánægðir og 52,9% eru frekar ánægðir. Enginn er óánægður með síðasta foreldraviðtal.

Foreldrar fengu tækifæri til að merkja við allt sem rætt var í síðasta foreldraviðtali.

Þáttur	Fjöldi foreldra	Landsmeðaltal
Framgangur náms	76,2%	72%
Líðan barnsins	76,2%	68,9%
Samskipti í bekknum	59,5%	58,6%
Niðurstöður prófana/skimana	40,5%	58,5%
Sameiginlegar ákvarðanir um skólagöngu barnsins	38,1%	31%
Annað	4,8%	4,7%

4.4.7 Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum

Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar (heimalestur, heimanám, námsárangur og þessháttar) með nemanda hækkar um 17,8% á milli ára og er 11,3% yfir landsmeðaltali. Að mati foreldra hækkar mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemanda um 13,1% á milli ára og er 2,8% yfir landsmeðaltali.

4.4.8 Ánægja foreldra með heimasíðu skólans

Þegar spurt er um ánægju foreldra með heimasíðu skólans kemur fram að ánægjan hefur aukist um 9,4% en er ennþá langt undir landsmeðaltali eða -22,3%. Það eru 15,6% foreldra sem telja upplýsingar á heimasíðu mjög gagnlegar, 43,8% segja þær frekar gagnlegar, 9,4% segja upplýsingar lítið gagnlegar, 15,6% segja þær ekki gagnlegar og 15,6% hafa ekki skoðað heimasíðuna.

4.4.9 Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá

Þegar foreldrar eru spurðir um hversu upplýstir þeir telja sig vera um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá segja 28,6% að þeir séu vel upplýstir, 51,4% segja sig töluvert upplýsta og 20% segja sig lítið upplýsta. Undir þessum lið mælist skólinn yfir landsmeðaltali og hefur farið 14,5% upp á milli ára.


4.4.10 Umbótaáætlun í tengslum við foreldrasamstarf – samstarf heimila og skóla

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi.	Bjóða foreldrum oftari í skólann á kynningar og til að taka þátt í skólastarfinu.	Umsjónarkennarar og teymi. Skólastjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að efla samtal við foreldra um framvindu barns í námi og líðan.	Tala oftari við foreldra þegar taka þarf ákvörðun er tengist barni þeirra.	Umsjónarkennarar og teymi. Verkefnastjóri stoðteymis. Stjórnendur.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að auka þekkingu foreldra á Uppbyggingarstefnunni	Bjóða upp á námskeið fyrir foreldra.	Skólastjórnendur.	2020	H2020	Skólapúls
Að bæta heimasíðu skólans.	Uppfæra nýja heimasíðu og setja hlekk inn á Djúpivogur.is	Skólastjórnendur	2020	H2020	Skólapúls

4.5 Heimastuðningur


Virkni foreldra í námi barna sinna er örlítið yfir landsmeðaltali og hefur aukist lítillega á milli ára. Foreldrar voru beðnir að hugsa um núverandi skólaár og segja hve oft þeir hjálpa barni sínu við heimanámið (þar með talinn heimalestur).

5.1.1 Hjálpa barninu við heimanámið (þ.m.t heimalesturinn)*




52,8% segjast gera það daglega eða næstum daglega, 38,9% segjast gera það einu sinni til tvisvar í viku og 8,3% segjast gera það einu sinni til tvisvar í mánuði.

5.1.2 Ræði við barnið um hvernig það stendur sig í náminu




30,6% foreldra segist ræða daglega eða næstum daglega við barnið um hvernig það stendur sig í náminu. 61,1% segjast gera það einu sinni til tvisvar í viku og 8,3% einu sinni til tvisvar í mánuði.

5.1.3 Nálgað námsgögn fyrir barnið (s.s. umsóknir, hugbúnað, námsvísa)




Foreldrar sem segjast nálgað námsgögn fyrir barnið (s.s. umsóknir, hugbúnað, námsvísa) daglega eða næstum daglega eru 11,8%, þeir foreldrar sem segjast gera það einu sinni til tvisvar í viku eru 17,6%. Þeir sem nálgað námsgögn einu sinni til tvisvar í mánuði eru 29,4%, einu sinni á ári segja 14,7% og að lokum 26,5% sem segjast aldrei eða næstum aldrei gera það.

5.1.4 Ræði við barnið um hvernig tengja má það sem lært er í skólanum við daglegt líf



Þegar foreldrar eru spurðir um hve oft þeir ræða við barn sitt um hvernig tengja má það sem lært er í skólanum við daglegt líf segja 17,1% gera það daglega eða næstum daglega, 45,7% einu sinni til tvisvar í viku, 28,6% einu sinni til tvisvar í mánuði, 2,9% einu sinni til tvisvar á ári og 5,7% segjast aldrei eða næstum aldrei ræða þetta við börnin.

5.1.5 Ræði við kennara barnsins




Þeir foreldrar sem ræða daglega eða næstum daglega við kennara barnsins eru 2,9%, foreldrar sem ræða einu sinni til tvisvar í viku við kennara eru 11,4%. Það eru 51,4% foreldra sem segjast ræða við kennara einu sinni til tvisvar í mánuði, 28,6% einu sinni til tvisvar á ári og 5,7% aldrei eða næstum aldrei.

4.5.1 Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu


Þegar foreldrar eru spurðir um vilja nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu er hækkun á milli ára og gildið yfir landsmeðaltali.

5.2.1 ...fylgjast með heimanámi sínu (þ.m.t heimalestri)*




Foreldrar voru spurðir um hversu oft barnið bað þá að fylgjast með heimanámi sínu (t.d. heimalestri) og segja 17,1% foreldra barnið gera það daglega eða næstum daglega. 17,1% segir það gerast einu sinni til tvisvar í viku, 22,9% einu sinni eða tvisvar í mánuði, 17,1% einu sinni eða tvisvar á ári og 25,7% aldrei eða næstum aldrei.

5.2.2 ...mæta á viðburð í skólanum



Þegar foreldrar eru spurðir um hversu oft barnið biður þá að mæta á viðburð í skólanum er 2,9% sem segir daglega eða næstum daglega, enginn segir einu sinni til tvisvar í viku, 31,4% segir einu sinni til tvisvar í mánuði, 51,4% segir einu sinni til tvisvar á ári og 14,3% aldrei eða næstum aldrei.

5.2.3 ...tala við kennarann sinn




Þegar skoðað er hversu oft börn biðja foreldra að tala við kennara sinn segir enginn daglega eða næstum daglega, enginn segir einu sinni til tvisvar í viku, 22,9% segja einu sinni til tvisvar í mánuði, 40% segja einu sinni til tvisvar á ári og 37,1% segja aldrei eða næstum aldrei.

4.5.2 Hæfileg heimavinna að mati foreldra

Fjöldi foreldra sem telja heimanám hæfilegt er undir meðaltali á landsvísu.

5.3.1 Finnst þér heimavinna barnsins vera of mikil, hæfileg eða of lítil?




Þegar foreldrar eru spurðir um hvort að þeim finnst heimavinna barnsins vera of mikil, hæfileg eða of lítil segja 65,7% hana vera hæfilega, 14,3% segja hana of mikla, 17,1% segja of litla og 2,9% segja hana alltof litla.

4.5.3 Tíminn sem foreldrar aðstoða við heimanám

Tíminn sem foreldrar aðstoða við heimanám minnkar á milli ára og er 4,6% undir landsmeðaltali.

5.4.1 Ef þú hugsar um þetta skólaár, hve miklum tíma á dag verðu að jafnaði í að aðstoða barnið þitt með heimanám (þ.m.t heimalestur)?




Þegar foreldrar voru spurðir að því hve miklum tíma á dag þeir verja að jafnaði í að aðstoða barnið sitt með heimanám (þar með talinn heimalestur) kemur í ljóst að 8.3% ver engum tíma, 36.1% ver 15 mínútum eða minna, 41,7% ver 16-30 mínútum á dag, 13,9% ver 31 – 60 mínútum á dag og enginn meira en 60 mínútum.

4.5.4 Væntingar foreldra um háskólanáms

Væntingar foreldra fara niður á milli ára og eru 3,7% undir landsmeðaltali.

5.5.1 Hvaða námsgráðu átt þú von á að barnið þitt ljúki?



Þegar spurt er um væntingar foreldra til þess hvaða námsgráðu þeir telja að barnið sitt ljúki þá eru 15,6% sem segja iðnnám, 37,5% sem segja framhaldsnámi á háskólastigi, 31,2% segja grunnnámi á háskólastigi, 9,4% segja framhaldsskóla.

4.5.5 Væntingar foreldra um iðnnám

Þegar sérstaklega er spurt um væntingar foreldra um að barn þeirra ljúki iðnnámi eru örlítið hærri en landsmeðaltal.

4.5.6 Umbótaáætlun í tengslum við heimastuðning

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að sníða heimanám að þörfum nemenda og heimila.	Að gera könnun á því hvað foreldrar telja hæfilegt heimanám. Gera heimanámsáætlanir við hæfir nemenda og heimila.	Skólastjórnendur. Umsjónarkennarar og teymi.	2020	Aldrei	Skólapúls.
Að komast að því af hverju foreldrar hafa minni væntingar til áframhaldandi náms barna sinna en á landsvísu.	Gera könnun, ath. samstarf við skólaskrifstofu.	Stjórnendur og fræðslunefnd.	2020	2021	Skólapúls.
Að auka þekkingu foreldra á Uppbyggingarstefnunni	Þjóða upp á námskeið fyrir foreldra.	Skólastjórnendur.	2020	H2020	Skólapúls
Að bæta heimasíðu skólans.	Uppfæra nýja heimasíðu og setja hlekk inn á Djúpivogur.is	Skólastjórnendur	2020	H2020	Skólapúls

Foreldrum gafst tækifæri til að svara opinni spurningu um hvað þeim þykir gott við skólann. 34 foreldrar settu inn svör sem eru dregin saman hér í nokkra flokka.

Starfsfólk og mannauður

- Margir foreldrar nefna gott starfsfólk sem leggur sig fram til að koma til móts við börnin og foreldrana.
- Glaðlegt og vinalegt starfsfólk.

Stjórnun og stefna

- Talað er um að stefna skólans sé skýr og skólinn faglegri.
- Gildi skólans hugrekki, virðing og samvinna eru flott leiðarljós.

Nám og kennsla

- Lausnamiðað námsumhverfi og nám við hæfi. Betra utanumhald á nemendahópum og sérkennslu og stuðningi.

Samskipti og agamál

- Vel tekið á þeim málum sem hafa komið upp bæði af stjórnendum og umsjónarkennurum. Góð mannleg samskipti og hægt að ræða málin. Gott þegar kennarar hafa samband þegar nemendur hafa átt erfiðan dag.

Líðan barna

- Börnin koma glöð heim úr skólanum.
- Jákvæð og góð upplýsingagjöf með vikupósti. Upplýsingagjöf almennt betri.
- Ánægja með samstarf skólans og íþróttafélagsins, skóli og íþróttir barna í einni samfellu.

Annað

- Gott að skólinn er símalaus.

- Gott að foreldrar fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar í gegnum Skólapúlsinn, mætti gera oftar og fá hugmyndir frá foreldrum varðandi vordaga, árshátíð og fleira.
- Mætti setja gestavikurnar aftur á dagskrá.

Foreldrum gafst tækifæri til að svara opinni spurningu um hvað þeim þykir að megi betur fara í skólanum. 28 foreldrar settu inn svör sem eru dregin saman hér í nokkra flokka.

Starfsfólk og mannauður

- Vanda þarf ráðningar inn í skólann.
